



## Strætó

Innri endurskoðun 2022

Greinargerð til endurskoðunarnefndar og stjórnar

23. maí 2023 TRÚNAÐARMÁL

## Innri endurskoðun Strætó 2022

Strætó bs.  
b.t. framkvæmdastjóra  
Hesthálsi 14  
110 Reykjavík

Áhætturáðgjöf Deloitte hefur lokið innri endurskoðun hjá Strætó bs. vegna ársins 2022. Hjalagt er greinargerð til endurskoðunarnefndar og stjórnar Strætó bs. sem er úrdráttur úr niðurstöðum vinnuskýrslu innri endurskoðunar til stjórnenda Strætó bs. um innri endurskoðun 2022.

Strætó bs. („Strætó“ eða „fyrirtækið“) og Deloitte ehf. (Deloitte“ eða „við“) gerðu með sér samkomulag um innri endurskoðun frá árinu 2016, síðast framlengt til ársins 2022.

Í viðskiptaskilmálum Deloitte sem eru hluti af ráðningarbrefi við Strætó kemur m.a. fram að Deloitte er eigandi höfundarréttar alls efnis sem útbúið er við framkvæmd verkefnisins og að fyrirtækinu er kunnugt um að það álit og sú ráðgjöf sem því er veitt í tengslum við verkefnið er eingöngu ætluð fyrirtækinu sjálfu í tengslum við innri endurskoðun þess. Ráðgjöfina skal ekki nota í öðrum tilgangi nema að gerðu skriflegu samþykki Deloitte, undir slíka takmörkun fellur umfjöllun eða tilvísun í niðurstöður innri endurskoðunar Deloitte. Fyrirtækinu er heimilt að veita ytri endurskoðanda aðgang að greinargerð Deloitte ásamt fylgigögnum að fenginni skaðleysifyfirlýsingu þeirra gagnvart Deloitte. Aðilum er kunnugt um að efni það sem kynnt er og lagt er fram varðar viðkvæmar trúnaðarupplýsingar sem óheimilt er að hagnýta hvort sem er einstakar upplýsingar er fram koma eða í heild. Samningsaðilar eru ábyrgir fyrir því að einstakir efnisþættir eða upplýsingarnar í heild sinni verði ekki notuð á óheimilan hátt.

Eftirfarandi starfsmenn Deloitte unnu við gerð skýrslunnar í stafrófsröð: Sif Einarsdóttir eigandi, Sigurður Dagur Sturluson verkefnastjóri og Tryggvi Björn Guðbjörnsson aðstoðarmaður.

Við viljum færa öllum starfsmönnum Strætó þakkið fyrir gott samstarf og góðar móttökur. Starfsfólk veitti okkur alla þá aðstoð sem við óskuðum eftir og brást vel við ábendingum okkar og athugasemdum.

Kópavogur, 23. maí 2022

Deloitte, áhætturáðgjöf

## Umfang og afmörkun

Innri endurskoðun hitti framkvæmdastjóra Strætó í tengslum við undirbúning áhættumats innri endurskoðunar. Endurskoðunarnefnd samþykkti innri endurskoðunaráætlun fyrir árið 2022 þann 24.11.2022. Innri endurskoðunaráætlunin skiptist í eftirfarandi liði og greinist tímafjöldi þannig:

2022	
<b>Eftirlitsumhverfi</b> – Staða gæðamála. Reikningshaldsferill*. Fundargerðir stjórnar.	15
<b>Tekjuferillinn</b> – skiptist í fargjaldatekjur, ríkisframlag samkvæmt fjárlögum, rekstrarframlög frá eigendum byggt á samþyktri fjárhagsáætlun, akstursþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra, aðrar tekjur. <i>Valin atriði skoðuð byggt á áhættumati.</i>	35
<b>Rekstrarkostnaður</b> – skiptist í almennan rekstrarkostnað, útboðsskyldan kostnað. <i>Valin atriði skoðuð byggt á áhættumati.</i>	30
<b>Upplýsingaöryggi</b> – Breytingar eru í gangi, yfirfærsla á Navision yfir í Business Central. Verið er að gera áhættumat á upplýsingakerfum. <i>Valin atriði byggð á áhættumati.</i>	50
<b>Eftirfylgni athugasemda frá fyrra ári</b>	20
<b>Samtals klst</b>	<b>150</b>

Yfirferð innri endurskoðunar 2022 takmarkast við ofangreinda liði og markast af því umfangi sem fram kemur í töflunni hér fyrir ofan. Gerð var eftirfylgni á öllum rauðum, appelsínugulum og gulum athugasemdum fyrra árs auk valinna ábendinga.

\*Gerð var sú breyting á áætluninni að yfirferð um reikningshaldsferil undir Eftirlitsumhverfi var frestað til næsta árs



Samantekt



Greinargerð til  
endurskoðunarnefndar  
og stjórnar Strætó



Viðauki



## Innri endurskoðun Strætó 2022



## Gögn og gagnaöflun

Skýrsla okkar er unnin í samræmi við gögn og upplýsingar frá Strætó. Við höfðum aðgang að gögnum og upplýsingum í samræmi við samning um innri endurskoðun. Við yfirferð okkar tókum við viðtöl við stjórnendur og starfsmenn Strætó, skoðuðum gögn og fórum yfir samræmi við lög og reglur, verklagsreglur- og ferla. Innri endurskoðunarvinnan fór fram frá febrúar-apríl 2023.

## Niðurstaða kannana

Við vinnu okkar var miðað við eftirlitslíkan COSO (Committee of Sponsoring Organizations of the Treadway Commission). Í skýrslunni er lögð áhersla á að benda á atriði þar sem við sjáum tækifæri til úrbóta og er það von okkar að athugasemdir og ábendingar okkar verði skoðaðar með það í huga. Ábendingar okkar og athugasemdir er að finna í einstökum köflum, merktar með litum og flokkaðar eftir mikilvægi, byggt á mati okkar, sjá áhættuflokkunarkerfi útskýrt á bls. 8.

## Framsetning niðurstaðna

Í skýrslunni er lögð áhersla á að benda á tækifæri til úrbóta í innra eftirliti, áhættustýringu og stjórnarháttum. Er það von okkar að athugasemdir og ábendingar okkar verði skoðaðar með það í huga. Stjórnendur hafa lesið yfir drög að skýrslunni og staðfest að rétt sé haft eftir þeim og að umfjöllunin endurspeglar gögn sem til skoðunar komu. Einnig að þeim sé ekki kunnugt um að neinar mikilvægar upplýsingar sem varða efni skýrslunnar vanti.

## Viðbrögð stjórnenda

Gerð verður tímasett áætlun til að fylgja athugasemdum og tillögum eftir. Viðeigandi stjórnendur bera ábyrgð á einstökum úrbótaatriðum. Æskilegt er að stjórn fylgi sérstaklega eftir eldri úrbótaatriðum svo hægt sé að loka þeim tímanlega.

## Fjöldi athugasemda og ábendinga

Mikil frávik	Miðlungs frávik	Lítill frávik	Samtals
0	8	12	20

## Athugasemdir og ábendingar flokkaðar

Flokkur	Fjöldi	Áhætta		
		0	1	2
1. Samantekt og eftirlitsumhverfi	4		2	2
2. Tekjuferill Strætó	2		1	1
3. Rekstrarkostnaður	1			1
4. Upplýsingaöryggi	5		2	3
5. Eftirfylgni með athugasemdum frá fyrra ári	8		3	5
Samtals	20		8	12



Samantekt



Greinargerð til endurskoðunarnefndar og stjórnar Strætó



Viðauki



# Greinargerð til endurskoðunarnefndar og stjórnar Strætó

DRÖG

## Til endurskoðunarnefndar og stjórnar Strætó



Efni	Samantekt	Athugasemdir og tillögur
<b>1. Samantekt og eftirlitsumhverfi</b>	Á árinu 2022 fór innri endurskoðun yfir nokkra þætti í kafla um eftirlitsumhverfi en það voru staða gæðamála hjá Strætó, meðal annars gæðavottanir. Farið var yfir fundargerðir stjórnar og farið yfir meðferð uppljóstrana á tilkynningarsíðu innri endurskoðunar Strætó á heimasíðu Strætó.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Innri endurskoðun mælir með því að ferlar og leiðbeiningar allra sviða séu í gæðakerfi Strætó.</li> <li>Innri endurskoðun gerir tillögu um tímamörk á reglulegri uppfærslu ferla í gæðahandbók.</li> <li>Mikilvægt er að Strætó hafi fjárhagslegt bolmagn til að viðhalda gæðavottunum.</li> <li>Innri endurskoðun kemur með tillögur að úrbótum á uppljóstrunarsíðu Strætó og skriflegt verklag við meðferð uppljóstrana.</li> </ul>
<b>2. Tekjuferill Strætó</b>	Að þessu sinni var áhersla á að fara yfir tekjuferil þjónustu Strætó við aldraða og fatlaða einstaklinga. Farið var yfir innra eftirlit í skráningu tekna og innheimtu.	Innri endurskoðun gerir tillögu um úrbætur á vistun upplýsinga sem notaðar eru við útreikninga tekna. Einnig þarf að yfirfara og uppfæra verkferil til samræmis við núverandi verklag.
<b>3. Rekstrar-kostnaður</b>	Farið var yfir verklagsreglur og vinnulýsingar rekstrarkostnaðar, gerð úrtak á samþykki rekstrarkostnaðar í samræmi við heimildir og farið yfir eftirlit stjórnar með rekstrarkostnaði Strætó á árinu 2022.	Innri endurskoðun gerir smávægilega ábendingu um bætt verklag við samþykki útlagðs kostnaðar.



Samantekt



Greinargerð til endurskoðunarnefndar og stjórnar Strætó



Viðauki



## Til endurskoðunarnefndar og stjórnar Strætó



Efni	Samantekt	Athugasemdir og tillögur
<b>4. Upplýsinga-netöryggi</b>	Umfang skoðunar beindist að nokkrum mikilvægum kerfum í starfsemi Strætó. Skoðaðar voru verklagsreglur, einkvæm notendanöfn, kerfisstjóraaðgangar, lykilorðastillingar og þjónustusamningar.	Innri endurskoðun gerir úrbótatillögur um lykilorð, kerfisstjóraaðganga og einkvæm notendanöfn í ákveðnum kerfum. Auk þess leggur innri endurskoðun til að gerð sé úttekt á aðgangsheimildum fjárhagskerfis, sem var í innleiðingu þegar vinna innri endurskoðunar fór fram, til að staðfesta réttmæti heimilda.
<b>5. Eftirfylgni með athugasemdum fyrra árs</b>	Fylgt var eftir athugasemdum og ábendingum fyrra árs. Innri endurskoðun endurtók nokkrar athugasemdir þar sem ekki hafði verið brugðist við þeim þegar yfirferð okkar fór fram. Töluvert hefur áunnist í að loka athugasemdum sem voru til staðar á fyrra ári varðandi persónuvernd og netöryggismál.	Eftir yfirferð innri endurskoðunar eru nokkrar athugasemdir og ábendingar um netöryggismál sem eru enn í vinnslu og því endurteknað að hluta til. Áætlað er að flestum þeirra verði lokið fyrir árslok 2023.



Samantekt



Greinargerð til endurskoðunarnefndar og stjórnar Strætó



Viðauki



# Viðaukar

DRÖG



	Mikil áhætta	Meðal áhætta	Lítill áhætta
<b>Viðmið</b>			
<b>Áhrif á fjárhagslega stöðu og/eða áreiðanleika gagna</b> Hættan á fjárhagstjóni eða skorti á áreiðanleika gagna	Líkur eru á verulegum neikvæðum fjárhagslegum áhrifum, eða skorti á áreiðanleika gagna/upplýsinga í fjárhagsupplýsingakerfum	Líkur eru á neikvæðum fjárhagslegum áhrifum, eða skorti á áreiðanleika gagna	Takmarkaðar líkur á neikvæðum fjárhagslegum áhrifum, eða skorti á áreiðanleika gagna
<b>Sviksemisáhætta</b> Hættan á því að sviksemi eigi sér stað, t.d. vegna skorts á starfaaðgreiningu	Miklar líkur á verulegri skekkju, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og/eða mikil tækifæri til sviksemi	Líkur á verulegri skekkju hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og/eða tækifæri til sviksemi	Takmörkuð hættan á verulegri skekkju hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka
<b>Innri reglur og skriflegar leiðbeiningar</b> Stefnur, verklagsreglur, verkferlar og leiðbeiningar	Skortur á formlegum ferlum og/eða engin fylgni við settar reglur eða tíð frávik frá reglum	Vantar mikilvæga þætti inn í ferla og reglur og/eða nokkuð um frávik frá fylgni við reglur	Tækifæri til að bæta ferla og reglur og/eða einstaka frávik frá fylgni við reglur
<b>Ytri kröfur</b> Lög, reglur, reglugerðir, leiðbeinandi tilmæli	Engin fylgni við lög og reglur eða tíð frávik	Nokkuð um frávik við fylgni við lög og reglur	Tækifæri til að bæta enn frekar fylgni við lög og reglur
<b>Orðsporsáhætta</b> Hættan á því að orðspor fyrirtækisins laskist	Miklar líkur á neikvæðri opinberri umfjöllun	Líkur á neikvæðri opinberri umfjöllun	Takmarkaðar líkur á neikvæðri opinberri umfjöllun
<b>Tímafrestur viðbragða</b>			
<b>Tímafrestur viðbragða</b> Meginregla tímaramma en frá honum geta verið eðlileg frávik ákveðin í hverju tilviki fyrir sig, til dæmis ef flækjustuðull viðbragða er mikill	Sem fyrst, innan 3ja mánaða	Innan 6 mánaða	Innan 12 mánaða



Samantekt



Greinargerð til endurskoðunarnefndar og stjórnar Strætó



Viðauki





Umfjöllunarefni þessa skjals takmarkast við þau atriði sem athugun okkar beindist að við innri endurskoðunarvinnuna og er ekki ætlað að vera tæmandi yfirferð yfir alla mögulega veikleika sem eru til staðar hjá fyrirtæki því sem innri endurskoðunin beinist að og ekki tæmandi yfirferð yfir allar mögulegar úrbætur sem væri hægt að gera á þeim veikleikum. Fyrirtækið að leggja mat á tillögur innri endurskoðunar um úrbætur og áhrif þeirra áður en tillögurnar eru innleiddar hjá fyrirtækinu. Innri endurskoðun tekur ekki yfir ábyrgð stjórnar og stjórnenda á traustu innra eftirliti hjá fyrirtækinu.

Undir vörumerki „Deloitte“ sameinast kraftar þúsunda sérfræðinga sem starfa hjá sjálfstæðum félögum um allan heim við að veita viðskiptavinum þjónustu á sviði endurskoðunar, ráðgjafar, fjármála, áhættustjórnunar og skattamála. Þessi félög eru aðilar að Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), sem er breskt einkahlutafélag (private company limited by guarantee). Hvert aðildarfélag veitir þjónustu á tilteknu landssvæði og er bundið þeim lögum og fagreglum sem þar gilda. Félagið DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. DTTL og aðildarfélög þess eru aðskildir og sérgreindir lögaðilar sem ekki geta skuldbundið hvert annað. DTTL og aðildarfélög þess bera eingöngu ábyrgð á eigin gjörðum eða vanrækslu en ekki á aðgerðum hvers annars. Hvert aðildarfélag DTTL er skipulagt í samræmi við innlend lög, reglugerðir, viðskiptavenju og aðra þætti, og getur veitt sérfræðiþjónustu á starfssvæði sínu í gegnum dótturfélög, tengd félög, og/eða önnur félög.

Deloitte veitir bæði opinberum aðilum og einkafyrirtækjum í fjölmörgum atvinnugreinum endurskoðunar-, skatta-, ráðgjafar- og fjármálaþjónustu. Alþjóðlegt sérfræðinet Deloitte tengir saman sérfræðinga í meira en 150 löndum þannig að saman fari ítarleg staðbundin þekking og alþjóðleg hæfni, viðskiptavinum til hagsbóta. Hjá Deloitte starfa um 286.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu.